

Umhverfisstofnun
Ab. _____
03. nóv. 2015
Tilv. _____

Truenorth Ísland ehf.
b/t Róbert Garcia
Hólmaslóð 8
101 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Vestmannaeyjum 2. nóvember 2015
UST201510-155/P.V.B.
09.06.01

Efni: Leyfi fyrir ljósmyndatöku - Kleifarvatn

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Róberts Garcia fyrir hönd True North, dags. 23. október 2015, vegna leyfis til ljósmyndatöku innan Reykjanesfólkvangs við Kleifarvatn og Seltún 3. og 4. nóvember 2015 fyrir H&M.

Reykjanesfólkvangur var stofnaður árið 1975, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing framkvæmdar:

Óskað er eftir að mynda á þremur stöðum við Kleifarvatn en einungis eitt svæði verður notað. Val á svæði fer eftir veðri og birtu. Tökustaður eitt er ströndin milli Innristapa og Syðristapa. Óskað er eftir að fá að keyra 5 jeppa niður í sandinn. Bílunum yrði lagt þar sem slóðinn fer niður af veginum en ekki keyrt eftir sandinum. Myndirnar yrðu teknar niður við fjöruna. Tökustaður tvö er norðan megin við Syðristapa. Óskað er eftir að fá að keyra 3-4 bíla niður í fjöruna þar eftir slóða sem hefur myndast. Ekki yrði um neinn akstur að ræða heldur yrði bílunum lagt þar. Tökustaður þrjú er sunnan megin við Syðristapa, það sama á við um þetta svæði og hin tvö nema þarna er vegslóði sem nær niður að plani og myndi umsækjandi vilja keyra slóðan að sandinum og leggja 5 jeppum og tækjabílum á planinu. Ferðasalerni yrði aftan í einum jeppanum. Jafnframt er óskað eftir að fá að leggja matarrútu á bílplani sem er við norðarnvert Kleifarvatn hjá Lambhagatjörn. Öll ummerki eftir myndatökunum verður afmáð að tókum loknum. Einnig er óskað eftir því að fá að taka myndir við gamla fjósið sem stendur fyrir neðan Seltún. Við tókunum verður notuð handheld reykvel sem á ekki eftir að skilja neitt eftir sig. Í einhverjum myndana verða 6 hross í bakkgrunni. Hrossin verða aðeins notuð hluta dags báða dagana og flutt til byggða yfir nótt. Yrðu þeir í taumi eða innan færanlegrar rafmagnsgirðingar. Girðingin yrði sett upp á sandi eða ógrónu landi og verður fóður meðferðis. Frágangur á svæðinu fer fram samdægurs ef hægt verður vegna birtu, annars dagin eftir.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur svo framkvæmdin muni ekki hafa neikvæð áhrif á svæðið. Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leiti ljósmyndatökur við Kleifarvatn og Seltún dagana 3. og 4. nóvember. Ekki er fallist á að heimila að keyrt sé niður á sandana í fjörunum við Kleifarvatn og bílum lagt þar.


- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar tímanlega hvenær tölur hefjast.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Starfsmenn við ljósmyndatökuna gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask.
- Samþykki landeigenda fáist fyrir tókunum.


- Allur akstur utan vega og merktra slóða er óheimill. Á þetta einnig við um slóða sem eru aflagðir og búið að loka. Óheimilt er að leggja bílum utan vega við vegstæðin. Á þetta einnig við um slóða sem eru aflagðir og búið að loka. Bílum skal lagt á slóðum eða við veg þar sem þeir skapa ekki hættu fyrir umferð.
- Afmá skal öll ummerki ljósmyndatökunar á svæðinu þegar þeim er lokið.
- Ganga skal snyrtilega um svæðið og þess gætt að allt rusl og afgangsfóður verði fjarlæggt.
- Óheimilt er að raska gróðri og jarðminjum.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Kynna skal fyrir starfsfólki ljósmyndatökunar þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og tókur hefjast.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast tókunum og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun.

Eftirlit

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar 11.900 kr/klst

Virðingarfyllst


Sigríður Kristjánsdóttir
Sviðstjóri


Þórdís Vilhelmina Bragadóttir
Sérfræðingur